

Skýrsla tilnefningarnefndar

Eikar fasteignafélags hf.

11. mars 2020

Tilnefningarnefnd Eikar fasteignafélags hf. (hér eftir „Eik“ eða „félagið“) er ætlað að vera ráðgefandi við kosningu stjórnarmanna. Markmið hennar er að skapa hluthöfum forsendur fyrir upplýstri ákvörðunartöku við stjórnarkjör.

Nánari upplýsingar um hlutverk nefndarinnar má finna í starfsreglum hennar, sem aðgengilegar eru á heimasíðu Eikar, sem og í leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum Atvinnulífsins (hér eftir „leiðbeiningarnar um stjórnarhætti“).

Meðfylgjandi er lokaskýrsla nefndarinnar sem er hluti af fundargögnum aðalfundar félagsins, sem haldinn verður 2. apríl 2020. Í skýrslunni er sett fram tillaga að bestu samsetningu stjórnar. Mat nefndarinnar byggir á viðtölum við alla þá sem buðu sig fram til stjórnar, viðtölum við sitjandi stjórnarmenn, árangursmati stjórnar, viðtali við forstjóra, viðtölum við þá hluthafa sem þess óskuðu og greiningu á hugsanlegum hagsmunaárekstrum þeirra sem buðu sig fram til stjórnar.

1. Nefndarskipan

Tilnefningarnefnd var stofnuð á hluthafafundi 12. desember 2018 og henni þá jafnframt settar starfsreglur sem aðgengilegar eru á heimasíðu félagsins. Hluthafafundur kaus tvo nefndarmenn á hluthafafundi 25. janúar 2019 til setu fram að aðalfundi 2020. Auk þeirra skipaði stjórn félagsins einn nefndarmann til sama tíma á fundi sínum 29. janúar 2019.

Í tilnefningarnefnd sitja Drífa Sigurðardóttir ráðgjafi (formaður), Ingólfur Bender hagfræðingur og Þorkell Erlingsson verkfræðingur (skipaður af stjórn). Allir nefndarmenn eru óháðir félaginu og stjórnendum þess. Allir nefndarmenn eru jafnframt óháðir stórum hluthöfum félagsins. Ingólfur á 1.050.000 hluti í félaginu í gegnum BG-10 ehf. Jóhann Magnús Jóhannsson, framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Eikar, var kosinn ritari nefndarinnar.

2. Nefndarstörf

Nefndin kom fyrst saman vegna tilnefningar fyrir aðalfund ársins 2020 þann 19. ágúst 2019 og var þar lagður grunnur að starfsáætlun nefndarinnar, fjárhagsáætlun rædd og framkvæmd árangursmats stjórnar. Nefndin hittist alls 11 sinnum á tímabilinu ágúst 2019 til mars 2020.

Árangursmat stjórnar

Í nóvember 2019 var árangursmat stjórnar lagt fyrir stjórnina, en samskonar mat var lagt fyrir ári áður. Í matinu var m.a. spurt um störf stjórnar, virkni stjórnar, þekkingu stjórnarmanna, frammistöðu stjórnarformanns og forstjóra og mat lagt á styrk- og veikleika stjórnar. Niðurstöður matsins voru sendar á stjórnarformann og hitti formaður tilnefningarnefndar stjórn þann 20. desember 2019 til að ræða niðurstöður, næstu skref og hvernig stjórnin gæti notað árangursmatið í störfum sínum.

Í starfsreglum tilnefningarnefndar segir að nefndin skuli meta árangur stjórnar m.a. út frá árangursmati stjórnarinnar. Niðurstöður árangursmats stjórnar báru með sér að stjórnarstarfið sé í góðu horfi.



Fundir með hluthöfum

Í byrjun nóvember 2019 var haft samband við stærstu hluthafa félagsins og þeim gefinn kostur á því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við nefndina. Sérstaklega var óskað eftir því að hluthafar myndu greina frá sjónarmiðum sínum um lykilhæfni og samsetningu stjórnar. Á heimasíðu Eikar var öllum hluthöfum einnig gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við nefndina eins og áður, annað hvort með því að senda nefndinni tölvupóst eða með því að hafa beint samband við formann nefndarinnar.

Nefndin fundaði með þremur hluthöfum í nóvember og desember 2019 og einn hluthafi átti símafund með formanni nefndarinnar. Í samtölum við hluthafa kom m.a. fram mikilvægi þess að innan stjórnar væri yfirgripsmikil þekking og reynsla af meginþáttum starfsemi og fjármögnunar fasteignafélaga s.s. af fasteigna- og fjármálamörkuðum.

Afar gagnlegt var fyrir nefndina að heyra sjónarmið hluthafa og hvetur nefndin fleiri hluthafa til að koma sjónarmiðum sínum, tillögum eða ábendingum á framfæri.

Fundir með stjórnarmönnum og forstjóra

Nefndin boðaði hvern og einn stjórnarmann sem og forstjóra til viðtals í febrúar 2020. Markmiðið með viðtölunum var að ræða störf stjórnar, fá fram viðhorf hvers og eins um ákjósanlegustu samsetningu stjórnar, ræða styrk- og veikleika stjórnarinnar og ræða framtíðarsýn, stefnu og rekstraráherslur Eikar til skemmri og lengri tíma. Allir stjórnarmenn voru sammála um að styrkleiki stjórnarinnar fælist í hreinskiptnum umræðum við stjórnarborðið og trausti milli stjórnarmanna. Einnig kom skýrt fram að styrkur stjórnar lægi ekki síður í fjölbreyttum bakgrunni stjórnarmanna, mikilli reynslu og víðtækri þekkingu stjórnar. Sameiginlega myndaði stjórnin breiða og góða heild.

Viðtöl við þá sem gáfu kost á sér til stjórnar


Tilnefningarnefnd bærust 14 framboð innan framboðsfrests, þar af frá öllum fimm sitjandi stjórnarmönnum. Viðtöl voru tekin við alla sem gáfu kost á sér, en þar sem nefndin hafði þegar fundað með sitjandi stjórnarmönnum voru þeir ekki kallaðir í annað viðtal. Af þeim níu einstaklingum sem buðu sig fram til stjórnar, umfram sitjandi stjórnarmenn, svöruðu flestir því til að þeir myndu draga framboð sitt til baka ef þeir væru ekki tilnefndir til stjórnarsetu.

3. Forsendur að niðurstöðu

Samkvæmt starfsreglum tilnefningarnefndar ber henni að setja fram rökstudda tillögu um kosningu stjórnarmanna í félaginu, þar sem m.a. verði horft til hæfni, reynslu og þekkingar, m.a. með tilliti til leiðbeininganna um stjórnarhætti og niðurstöðu árangursmats stjórnar. Þess skal gætt að tillagan samræmist ákvæðum laga um hlutafélög og samþykka félagsins um skipan stjórnar.

Í samræmi við starfsreglur tilnefningarnefndar skilgreindi nefndin lykilhæfni og þekkingu fyrir stjórn félagsins. Í því sambandi studdist hún við leiðbeiningarnar um stjórnarhætti, árangursmat stjórnar, heildarhagsmuni félagsins og leit einkum til eftirfarandi:

- Reynsla af starfsemi fasteignafélaga og þekkingu á fasteignamarkaði
- Reynsla af fjármálamarkaði með áherslu á lánamarkað
- Reynsla af því að sitja í stjórnnum félaga og almenn stjórnunarreynsla
- Þekking og reynsla af áhættustjórnun



- Menntun og fyrri störf sem nýtast í stjórnarsetu

Að auki var horft til samsetningar stjórnarinnar, og komu þar m.a. eftirfarandi sjónarmið til álita:

- Óhæði gagnvart félaginu
- Fjölbreytt reynsla og þekking stjórnarmanna
- Almennar hæfniskröfur laga og áskilnaður um kynjahlutföll í stjórn
- Jafnvægi milli endurnýjunar í stjórn og stöðugleika

Við mótun tillögu sinnar hafði nefndin til hliðsjónar þá þætti sem koma fram hér að ofan en ekki síst að tillaga nefndarinnar sé til þess fallin að styðja við rekstur félagsins og verði til hagsbóta fyrir félagið í heild og hluthafa þess.

4. Tillaga tilnefningarnefndar

Að öllu framangreindu virtu er það mat tilnefningarnefndar að núverandi stjórn búi sameiginlega yfir þekkingu, hæfni og reynslu af þeim lykilþáttum sem lagðir voru til grundvallar. Innan stjórnar ríkir traust, samskiptin eru fagleg og uppbyggjandi og starf stjórnarinnar skilvirkt.

Nefndin mælir því ekki með að breytingar verði gerðar á núverandi stjórn. Er í því sambandi m.a. litið til þess að efnahagsaðstæðum og öðru ytra umhverfi félagsins er þannig háttað nú, og í fyrirsjáanlegri framtíð, að stöðugleiki vegur þungt.

Það er tillaga nefndarinnar að eftirtaldir fimm einstaklingar verði kosnir í stjórn Eikar fasteignafélags hf., taldir upp í stafrófsröð:

Agla Elísabet Hendriksdóttir

Menntun: B.A. próf í stjórn málafræði og próf í verðbréfavíðskiptum. Hefur staðist hæfismat Fjármálaeftirlitsins sem stjórnandi fjármála fyrirtækis.

Starfsreynsla: Formaður endurskoðunarnefndar Eikar fasteignafélags frá 2015. Stjórnarmaður og framkvæmdastjóri EQ ehf. frá 2014, forstöðumaður sjóðastýringar Íslandssjóða hf. og framkvæmdastjóri Íslandssjóða hf. 2008-2013, sjóðstjóri Glitnis sjóða hf. 2000-2007, forstöðumaður einstaklingsþjónustu eignastýringar Íslandsbanka hf. 1997-1999, ráðgjafi í eignastýringu Íslandsbanka hf.

Í skilningi leiðbeininganna um stjórnarhætti er Agla óháð félaginu, daglegum stjórnendum þess og hluthöfum í félaginu.

Hefur setið í stjórn Eikar frá 23. apríl 2013.

Rök tilnefningarnefndar: Agla hefur mikla reynslu af stjórnarsetu, hefur t.d. setið í stjórn Eikar frá árinu 2013 og í endurskoðunarnefnd félagsins frá árinu 2015. Hún hefur yfirgripsmikla þekkingu og reynslu af rekstri fasteignafélaga bæði gegnum stjórnarsetu sína og fyrri störf sín hjá Íslandssjóðum og Glitni/Íslandsbanka. Hún hefur að auki góða reynslu og þekkingu af áhættustýringu og innra eftirliti og fjárfestingum á fjármála- og fasteignamarkaði.

Arna Harðardóttir

Menntun: BA í rekstrarhagfræði frá Univeristy of Reading, Englandi 1988, próf í verðbréfavíðskiptum 1991, MBA frá Háskólanum í Reykjavík 2002.

Starfsreynsla: Fjármálastjóri Rauða kross Íslands frá 2016. Framkvæmdastjóri framtakssjóða hjá Virðingu hf. (áður Auði Capital hf.) 2007-2015, fjármálastjóri Viðskiptaráðs Íslands 2007, forstjóri Calidris ehf. 2003-2006, fjármálastjóri Tindafells ehf. og Konkordiu ehf. 1997-2003, framkvæmdastjóri sjóðastýringar hjá Landsbréfum hf. og framkvæmdastjóri Landssjóðs 1994-1997, framkvæmdastjóri einstaklingsviðskipta Landsbréfa hf. 1992-1994, sölustjóri hjá Landsbréfum hf. 1990-1992, hagfræðingur hjá Landsbanka Íslands hf. 1988-90.

Í skilningi leiðbeininganna um stjórnarhætti er Arna óháð félaginu, daglegum stjórnendum þess og hluthöfum í félaginu.

Hefur setið í stjórn Eikar frá 21. maí 2015

Rök tilnefningarnefndar: Arna hefur mikla reynslu af stjórnarsetu, hefur t.d. setið í stjórn Eikar frá árinu 2015. Hún hefur yfirgripsmikla þekkingu og reynslu af fjármálum og almennum rekstri, bæði gegnum stjórnarsetu sína og störf sín hjá t.d. Virðingu og Calidris. Hún hefur að auki mjög mikla reynslu og þekkingu af framtaksfjárfestingum og íslenskum fjárfestingamarkaði.

Bjarni Kristján Þorvarðarson

Menntun: B.Sc. Gráða í rafmagnsverkfræði frá Háskóla Íslands, 1989. M.Sc. Rafmagnsverkfræði, University of Wisconsin, Madison, Bandaríkjunum, 1990. MBA, ISG Paris, Frakklandi, 1993, M.Sc. Finance London Business School, London, Englandi, 1998.

Starfsreynsla: Forstjóri Coripharma ehf. frá 2018, forstjóri Hibernia Networks 2004-2017, fjárfestingastjóri hjá CVC 2002-2010 og í stjórnnum félaga í eigu CVC á Íslandi, Bandaríkjunum, Kanada, Ástralíu og fleiri löndum, viðskipta- og sjóðsstjóri FBA/Íslandsbanka 1998-2002.

Í skilningi leiðbeininganna um stjórnarhætti er Bjarni óháður félaginu, daglegum stjórnendum þess og hluthöfum í félaginu.

Hefur setið í stjórn Eikar frá 10. apríl 2019.

Rök tilnefningarnefndar: Bjarni hefur mikla stjórnunar- og stjórnarreynslu. Hann hefur einnig þekkingu og reynslu af fjárfestingamarkaði, almennum rekstri og haldgóða þekkingu á áhættustýringu og innra eftirliti fyrirtækja.

Eyjólfur Árni Rafnsson

Menntun: B.Sc. gráða í byggingartæknifræði frá Tækniskóla Íslands 1984, M.Sc. gráða í byggingarverkfræði frá University of Missouri-Rolla, Bandaríkjunum, 1988, PhD gráða í byggingarverkfræði frá University of Missouri-Rolla, Bandaríkjunum, 1991.

Starfsreynsla: Formaður stjórnar Samtaka atvinnulífsins frá 2017 og Rubix Ísland ehf. frá 2016. Í stjórn Samtaka iðnaðarins 2014-2017. Ýmis ráðgjöf frá 2016. Forstjóri Mannvits hf. 2008-2015, forstjóri VGK-Hönnunar hf./Hönnunar hf. 2003-2008, aðstoðarframkvæmdastjóri Hönnunar hf. 1997-2007, Hönnun hf. almenn verkfræðistörf og verkefnastjórnun 1991-1997 og 1984-1986.

Í skilningi leiðbeininganna um stjórnarhætti er Eyjólfur Árni óháður félaginu, daglegum stjórnendum þess og hluthöfum í félaginu.

Hefur setið í stjórn Eikar frá 12. febrúar 2015.

Rök tilnefningarnefndar: Eyjólfur Árni hefur yfirgripsmikla þekkingu og reynslu af stjórnunar- og stjórnarstörfum, hefur t.d. setið í stjórn Eikar frá árinu 2015. Hann hefur einnig mikla og langa reynslu

af íslensku viðskiptalífi og af fasteignamarkaði og byggingarmarkaði gegnum bæði stjórnarsetu sína og fyrri störf.

Guðrún Bergsteinsdóttir

Menntun: Lögfræðingur, Cand. Jur. frá Háskóla Íslands 2000, réttindi sem héraðsdómslögmaður 2001 og fyrir Landsrétti 2019, LL.M frá University of Lei-den, Hollandi 2003, próf í verðbréfavíðskiptum 2015.

Starfsreynsla: Lögmaður og meðeigandi LOCAL lögmannna 2010, lögmaður og verkefnastjóri hjá BBA // Legal 2004-2010, lögfræðingur og verkefnastjóri hjá Ríkisskattstjóra 2000-2002.

Í skilningi leiðbeininganna um stjórnarhætti er Guðrún óháð félaginu, daglegum stjórnendum þess og hluthöfum í félaginu.

Hefur setið í stjórn Eikar frá 12. apríl 2016.

Rök tilnefningarnefndar: Guðrún hefur mjög mikla reynslu af viðskiptalögfræði og mikla og góða reynslu og þekkingu á skuldabréfaútgáfu, lögfræðilegum úrlausnarefnum sem tengjast rekstri fasteignafélaga og bæði haldgóða og mikla reynslu af málefnum sem tengjast persónuvernd og góðum stjórnarháttum. Hefur setið í stjórn Eikar frá árinu 2016.

Í samræmi við grein 1.3.1 leiðbeininganna um stjórnarhætti, gerir tilnefningarnefndin tillögu að fundarstjóra fyrir aðalfund félagsins. Nefndin leggur til að Pétur Guðmundarson lögmaður verði kjörinn fundarstjóri á aðalfundi félagsins 2020.

Reykjavík, 11. mars 2020


Drífa Sigurðardóttir


Ingólfur Bender


Þorkell Erlingsson